

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Meðalfelli, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á 195. fundi sínum 12. september 2013 deiliskipulag á Meðalfelli, Nesjum, samkvæmt 25. gr. skipulagslaga. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið er um hönnun á vélaskemmu og er hún látin falla vel að landslagi og þeim byggingum sem fyrir eru.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 29. október 2013,*

**Ásgerður Gylfadóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. nóvember 2013